



Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2013

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið (notkun fánans), 13. mál.

Samtök iðnaðarins (SI) fagna þeim ásetningi stjórnvalda að heimila notkun þjóðfánans til að markaðssetja íslenska vöru og þjónustu að uppfylltum vissum skilyrðum. Frumvörp með hið sama að markmiði hafa áður komið fram án þess að ná fram að ganga. Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir Alþingi er leitast við að skýra nánar hvaða skilyrði vörur þurfi að uppfylla til að mega nota fánann. Enn vakna hins vegar margar spurningar sem umrætt frumvarp svarar ekki.

1. Tekið er fram að merkja megi grænmeti, ræktað á Íslandi, íslenskar búvörur og fisk sem veiddur er í íslenskri lögsögu með fánanum. Hvað með vörur unnar úr fiski og íslenskum landbúnaðarhráefnum (kjöti, mjólk, grænmeti)?
2. Hvað með íslenskar drykkjarvörur (aðrar en þær sem eru framleiddar undir erlendum vörumerkjum), þróaðar og framleiddar hér á landi að uppistöðu úr íslensku vatni og bragðefnum (dæmi: Fríssi fríski, Svali o.fl.) sem hafa verið á markaði skemur en 50 ár?
3. Hvað með íslenskt sælgæti, brauð, kökur, kex eða ís sem hefur verið á markaði skemur en 50 ár. Er nóg að vörumerkið (Nói-Síríus, Freyja, Emmess ís, Kjörís, Myllan, Ömmubakstur ...) hafi verið á markaði í 50 ár til að vörurnar megi nota fánann? Samtökin telja reyndar að 50 ár séu of stífar kröfur.
4. Samkvæmt frumvarpinu telst vara ekki íslensk ef hún er framleidd undir erlendu vörumerki. Hvernig ber að skilja þetta? Má ekki nota fánann á íslenska vöru sem er t.d framleidd til útflutnings fyrir erlenda verslanakeðju?

Samtök iðnaðarins telja að til að lögin nái markmiði sínu þurfi að leggja meiri vinnu í að skilgreina til hvaða vara og vöruflokka heimildin nær. Samtökin leggja til að skoðað verði hvernig t.d. Norðmenn heimila notkun á fánanum í markaðsskyni. Skoðað verði hvort t.d. tiltekið hlutfall hráefna dugi til að nota megi fánann eða að íslenskur virðisauki yfir tilteknu lágmarki skeri úr um hvort vara geti notað fánann til að fækka þeim álitafnum sem ráðherra þurfi að skera úr um. Þessi atriði þurfa að koma skýrar fram í greinargerð með frumvarpinu.

Samtök iðnaðarins taka heils hugar undir að forsenda fyrir notkun íslenska fánans við markaðssetningu sé að það sé ekki gert á röngum forsendum eða á villandi máta og lýsa sig reiðubúin að taka þátt í vinnu við að finna viðunandi viðmið.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Ragnheiður Héðinsdóttir
Ragnheiður Héðinsdóttir,
Forstöðumaður matvælasviðs

Rakel Pálsdóttir
Rakel Pálsdóttir,
Forstöðumaður almannatengsla

Sigurður B. Halldórsson
Sigurður B. Halldórsson, hrl